



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 14. október 2019

USK2019090006

6.11

Borgarráð

### ***Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um leikjagrind við Öskjuhlíð - R19080206***

Á fundi borgarráðs 29. ágúst 2019 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um leikjagrind við Öskjuhlíð.

*"Í Öskjuhlíð var unnið að því að setja upp klifurgrind eða leiksgrind, sjá mynd. Búið var að grafa heilan grunn, steypa undirstöður, setja upp grindina en síðan allt rífið niður og þökur lagðar yfir og ummerkjum eytt. Þetta er í Öskjuhlíð, vestan við Perluna við hliðina á göngustígnum niður í skóginn. Borgarfulltrúi Flokks fólksins spyr hvað átti þetta að þýða? Hvað kostaði þetta og af hverju var þetta rífið niður? Með fyrirspurninni fylgir mynd til útskýringa."*

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs:

Verkefnið var kosið til framkvæmda í Hverfið mitt í Hlíðum. Koma skyldi fyrir fjölnota hreysti- eða klifurtæki í hverfinu. Staðsetning tækis var ákveðin í suðurhlíð Öskjuhlíðar. Ekki var talin þörf á grenndarkynningu vegna staðsetningarinnar.

Eftir að framkvæmdir hófust komu fram mótmæli frá rekstraraðila Perlunnar um að staðsetningin væri slæm og skemmdi ásýnd gosbrunnar/strokksins í suðurhlíð Öskjuhlíðar. Til þess að koma til móts við þessar athugasemdir var ákveðið að finna tækjunum nýjan stað innan hverfisins, þar sem þau gætu staðið í meiri sátt. Ákveðið var af Umhverfis- og skipulagssviði að staðsetja tækin við útivistarsvæðið í Nauthólsvík. Uppsetningu þar er nú lokið.

Verktaki fékk greitt fyrir þessar breytingu kr. 1.690.000 með vsk. Þar innifalið var gröftur, uppsetning eins langt og hún var komin, frágangur og útlagning á grasþökum.

Ámundi Brynjólfsson,  
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds